

allt þetta samkvæmt því, sem fyrir er mælt í konungsráðgjafi 1861.
 25. septemberm. 1854; þar að auki eruð þér beðnir að annast 31. október.
 um, að eigna afsalanir þessar verði þinglesnar á réttan hátt, og
 að jörðin Hjaltastaðir með hjáleigum hennar verði lögð undir
 umboð Reynistaðar klausturs jarða.

Þegar búið er að koma á jarðaskiptum þessum, eruð þér
 beðnir að senda hingað skýrslu um það.

77. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtamannsins 31. október.
 yfir Íslandi, um hlutdeild Íslendinga í gripasýning
 í Lundúnaborg.

Þér hafið, herra stiptamtamaður, fengið álit landfógetans á
 Íslandi, dómkirkjuprestsins í Reykjavík, og Jóns Guðmundssonar,
 setts málaflutningsmanns við yfirdóminn, um það, hvort Ísland
 muni geta átt hlutdeild í gripasýning þeirri, sem áformað er
 að haldin verði í Lundúnaborg næstkomandi ár; og hafið þér í
 bréfi 30. f. m. getið þess, að ef nokkuð eigi að geta orðið af
 þessu, þá sé óumflýjanlegt, að í því skyni sé veittur styrkur af
 hálfu hins opinbera, og beðið um, að dómsmálastjórnin láti yður
 vita, hvort búast megi við, að slíkur styrkur verði veittur, og
 hve mikill hann þá verði; hafið þér og lýst yfir því áliti yðar,
 að ekki muni vera þörf á að verja í þessu skyni eins miklu fê,
 og þeir menn, sem að ofan er getið, hafa stungið upp á, en
 það er frá 800 til 1000 ríkisdalir, er þér haldið að minna fê,
 t. a. m. helmingur af þessu, mundi nægja, með því þér kveðist
 hafa ástæðu til að halda, að einstöku menn muni á sinn
 kostnað láta af hendi þá hluti, sem þeir vilja að komi fram
 á gripasýningunni, en aptur seu aðrir hlutir, sem kaupa verði
 af eigendunum, og að til þess ætti að verja þeim hinum opin-
 bera styrk, er veittur kynni að verða.

Um leið og dómsmálastjórnin leiðir athygli yðar að því, hvernig
 áformað er að máli þessu verði hagað hér í konungsríkinu, svo
 sem betur má sjá af meðfylgjandi athugasemdum við fjárlaga

1861. 31. október. frumvarpið fyrir næstkomanda fjárhagsár, 96.—98. bls., skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér gjörið það, sem með þarf í því efni, að stjórnarráðinu ekki þykir ástæða til að kaupa af mönnum þá hluti, er vert kynni vera að senda til gripasýningarinnar sem sýnishorn þess, hvað fram er leitt á Íslandi af náttúrunni og með mannahöndum, en þar á móti er stjórnarráðið fúst á að greiða fyrir þeim, er sjálfir vilja senda þangað hluti, með því að veita þeim styrk til að standast kostnað þann, er af því leiðir, einkum flutningskostnað þangað, sem gripasýningin fer fram, og þaðan aptur, ábyrgðargjald m. m., og er yður þess vegna, herra stiptamtmaður, hér með veitt vald til að verja í þessu skyni allt að 500 rdl. af fè því, sem til er fært í fjárlögunum í 9. gr. G. c.

Seinna vonast stjórnarráðið eptir að fá skýrslu um, hverjar ráðstafanir þér gjörið í þessu efni.

1. nóvemb. 78. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun til héraðslækna fyrir bólu-setning¹.

Eptir tilhlutun stjórnardeildar þeirrar, er hefir á hendi rannsókn reikninga í konungsríkinu, hefir dómsmálastjórnin íhugað, hvort héraðslæknar á Íslandi eigi heimting á sömu borgun, sem veitt er þeim mönnum, sem eru settir til að vera bólusetjarar þar á landi, en það eru 12 skildingar fyrir hvern þann, er þeir setja bóluna og hún kemur út á.

Í þessu efni sè yður kunngjört, til þess þér hagið yður eptir því, að héraðslæknar á Íslandi aðeins eiga heimting á borgun þeirri, sem að ofan er getið, þegar yfirvöldin hafa falið þeim á hendur að setja bólu, annaðhvort eptir beiðni þeirra, sem eru skipaðir bólusetjarar, eður af öðrum sérstaklegum ástæðum.

1) Sama dag var hinum amtmönnum á Íslandi ritað um sama efni.